

From: Þórhildur Rafns Jónsdóttir <thj53@hi.is>
Sent: föstudagur, 27. nóvember 2020 16:18
Subject: Aðgengi fyrir alla í félagsmiðstöðvar fyrir unglinga.

Reykjavík, 27.11.2020

Kæri borgarstjóri

Í Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna sem lögfestur var á Íslandi árið 2013 kemur skýrt fram að öll börn skulu eiga rétt á að iðka tómstundir og taka virkan þátt í félagslífi.

Í 2. grein sáttmálans er tekið fram að ekki skuli mismuna börnum vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna og eiga þannig allar greinar sáttmálans um öll börn.

Það virðist því miður vera svo í okkar samfélagi að ekki sé alltaf farið eftir því og mörg börn hafa upplifað mismunun á hinum ýmsu sviðum. Eitt dæmi um slíka mismunun kemur fram í nýútgefinni skýrslu UNICEF þar sem staða fatlaðra barna á Íslandi er tekin fyrir. Einn meðlimur í ungmennaráði Heimsmarkmiðanna segir frá sinni eigin reynslu sem fatlað barn. Hann segir að það sé mjög krefjandi að vera barn með fatlanir, það séu miklir fordómar í skólakerfinu og á vinnumarkaðinum. Hann segir einnig að hann hafi ekki fengið að taka þátt í öllu því sem samnemendur hans tóku þátt í. Hann nefnir einnig ábótavant aðgengi, m.a. þegar kemur að almenningsamgöngum.

Aðgengismál virðast of vera neðarlega í forgangs röðuninni þegar kemur að breytingum og viðhaldi húsnæðis og oftast en ekki ákveðið að fara ódýrustu leiðina þegar kemur að úrbótum, splæst í skábautir sem lagðar eru yfir bratta stiga og settar upp ótraustvekjandi lyftur sem fólk myndi líklega einungis nýta í neyð. Aðgengi að húsnæði á að vera þannig að hver sem er geti farið þar um án þess að þurfa að kvíða því sérstaklega.

Í bréfi þessu langar okkur sérstaklega að vekja athygli á óaðgengilegu húsnæði félagsmiðstöðva í Reykjavík vegna þess að við störfum innan geirans og þekkjum til. Með því erum við ekki að leggja mat á að ástandið sé betra eða verra í höfuðborginni en á landsbyggðinni.

Það er okkar upplifun og reynsla sem höfum starfað lengi á vettvangi frítímans að húsnæði félagsmiðstöðva sé ekki sett ofarlega á lista þegar kemur að því að útteila fjármunum. Of lengi hefur sú menning fengið að viðgangast að félagsmiðstöðvar séu staðsettar í því húsnæði sem til fellur og starfsfólk orðið samdauna því að félagsmiðstöðvar séu í lélegu húsnæði, innréttað með húsgögnum sem oft á tíðum eru keypt á nytjamörkuðum eða hafa fengist gefins.

Í starfaskrá félagsmiðstöðva í Reykjavík kemur fram að markmið félagsmiðstöðvastarfs sé tvíþætt. Annars vegar er það að bjóða börnum og unglinum á aldrinum 10-16 ára uppá frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi.

Hins vegar er markmiðið að bjóða uppá aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Tekið er sérstaklega fram að lögð er áhersla á að virkja börn sem þurfa sérstaka hvatningu eða stuðning vegna félagslegra aðstæðna eða fötlunar.

Í félagsmiðstöðum er lögð áhersla á að ná til jaðarsettra hópa og virkja þau börn og ungmenni sem eru sérstaklega útsett fyrir því að einangrast félagslega, þar með talið fötluð börn.

Það er grátlegt að hugsa til þess að þau börn sem þurfa oft hvað mest á þessu starfi að halda vegna jaðarsetningu sinnar geti ekki nýtt sér það út af hindrunum í húsnæði. Ef það sem

stendur í vegi fyrir því að barn nái að þroskast félagslega, tilheyra hópi jafnaldra sinna og taka virkan þátt í félagslífi eru einungis nokkrar tröppur eða þroskuldar þá er það með öllu óásættanlegt og krefst úrbóta.

Kæri borgarstjóri. Við hvetjum þig til þess að stuðla að jafnrétti allra barna með því að tryggja öruggt aðgengi að öllum félagsmiðstöðvum sem og að almennings samgöngur séu aðgengilegar öllum. Við hvetjum þig einnig til þess að skoða aðgengismál í samráði við þá sem þurfa að nýta sér bætt aðgengi. Að mæta í félagsmiðstöðina sína á að vera aðgengilegt, það á að vera einfalt og það á að vera öllum opið, ekki bara þeim sem hafa hreyfifærni til að valhoppa.

Auður Björk Kvaran
Þórhildur Rafns Jónsdóttir

Höfundar þessa bréfs eru namar í M.Ed. í Tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands, ásamt því að vera stjórnendur hjá Frístundamiðstöðinni Kringlumýri.